

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/32

nr. 32/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer
á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 512/2014 frá 16. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 912/2010 um að koma á fót Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í undirliðinn (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010) í a-lið 8. mgr. 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0512:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 512/2014 frá 16. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 72).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi síðasta daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.